



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



## SÖGUFERÐAÞJÓNUSTA Á NORÐURLANDI

Könnun meðal ferðamanna á söfnum, setrum og sýningum

Vera Vilhjálmsdóttir  
2019

© Markaðsstofa Norðurlands 2019

Útgefandi: Markaðsstofa Norðurlands, Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

Sími: (+354) 462 3300

Rafpóstur: [info@nordurland.is](mailto:info@nordurland.is)

Veffang: [www.northiceland.is](http://www.northiceland.is)

Titill: Söguferðabjónusta á Norðurlandi. Könnun meðal ferðamanna á söfnum, setrum og sýningum.

Höfundur: Vera Vilhjálmisdóttir

Forsíðumynd: Byggðasafn Skagfirðinga © Vera Vilhjálmisdóttir

Aðrar myndir: © Vera Vilhjálmisdóttir

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

## SÖGUFERÐAÐJÓNUSTA Á NORÐURLANDI

### Inngangur

Á Norðurlandi er að finna fjölmarga afþreyingarmöguleika fyrir ferðamenn þar sem þeim gefst færi á að kynnst betur sögu og menningu landshlutans. Í gagnagrunni Eyþings eru t.a.m. sextíu söfn, setur og sýningar á skrá og meirihluti þeirra hefur sögu Norðurlands sem umfjöllunarefni (Eyþing, 2019). Þar á meðal má nefna byggðasögu, atvinnusögu eða náttúruarf svæðisins.

Hlutfall erlendra ferðamanna af gestakomum á söfn, setur og sýningar á Íslandi, sér í lagi á sumrin hefur farið sívaxandi á undanförunum árum. Innlendir ferðamenn eru þó einnig duglegir að nýta sér þau fjölmörgu söfn sem á vegi þeirra verða á leið um landið. Markmið þessarar rannsóknar er að fá betri innsýn í hvað það sé sem dragi ferðamenn á þessa staði, hvað einkenni þennan markhóp og hver upplifun þeirra sé af heimsókninni. Með könnuninni er einnig leitast við að öðlast betri skilning á því hvernig saga Norðurlands virkar sem aðráttarafi fyrir ferðamenn.

Þessi könnun var unnin af Rannsóknasmiðstöð ferðamála að beiðni Markaðsstofu Norðurlands. Könnunin er hluti af greiningu á möguleikum í sögutengdri ferðaðjónustu á Norðurlandi en verkefnið hlaut styrk frá Ferðamálastofu.

### Söfn, setur og sýningar

Í safnalögum nr 141/2011 eru söfn og önnur safnatengd starfsemi skilgreind á eftirfarandi hátt:

- *Söfn* eru „varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni“ og hafa það hlutverk að „ tryggja menningar- og náttúruarf Íslands“.
- *Safnvísar* „sinna safnatengdri starfsemi en uppfylla ekki öll skilyrði sem söfn til að hljóta viðurkenningu“.
- *Setur* „sinna að jafnaði rannsóknum og miðlun fremur en söfnun og varðveislu“.
- *Sýningar* „eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem sinna miðlun fremur en söfnun, varðveislu og rannsóknum“.


Í almennri orðanotkun á Íslandi hefur hugtakið *safn* þó mun víðtækari merkingu en í skilningi safnalaga og safnafræðinnar og er notað sem nokkurs konar samheiti fyrir hugtökin *safn*, *setur* og *sýningar*. Í skýrslunni er hugtakið að öllu jafnaði notað í þessum almenna skilningi.



## FERÐAMENN Á ÍSLANDI

Ferðavenjukannanir meðal erlendra ferðamanna hafa verið gerðar reglulega, bæði svæðisbundnar og á landsvísu. Sumarið 2019 gaf Ferðamálastofa út skýrslu með niðurstöðum fyrir árið 2018 úr rannsókn sem Ferðamálastofa stóð fyrir ásamt Hagstofu Íslands á Keflavíkurflugvelli um ferðavenjur erlendra ferðamanna hér á landi. Í henni kemur fram að hinn almenni ferðamaður til Íslands er um 38 ára, vel menntaður og með tekjur í eða yfir meðallagi. Kynjahlutföll eru nokkuð jöfn meðal svarenda en fimm stærstu þjóðernin árið 2018 voru Bandaríkjamenn, Bretar, Frakkar, Kanadabúar og Þjóðverjar (Oddný Þóra Óladóttir, 2019).

Náttúra Íslands er mjög sterkt aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn, en yfir 90% svara nefndu náttúruna eða náttúrutengda afþreyingu sem eina af helstu kveikjunum að ferðinni hingað til lands. Menningartengdar ástæður af ýmsum toga voru nefndar af um 75% svarenda, en svarmöguleikar í þeim efnum má sjá á meðfylgjandi mynd. Tæplega 54% svarenda sögðu að Íslendingar og íslensk menning almennt hafi verið kveikjan að Íslandsferð og um fjórðungur nefndi íslenska matarmenningu (27,1%) annars vegar og íslenska hönnun (23,3%) hinsvegar (Oddný Þóra Óladóttir, 2019). Aðrir tilgreindir þættir eru bókmenntir, tónlist, kvikmyndir og viðburðir. Ekki er beint talað um söfn eða sögu en þegar skoðað er hvað erlendir ferðamenn hafa fyrir stafni hér á landi verður mikilvægi safna ljósara.



## FERÐAMENN OG SÖFN

### Söfn vinsæl afþreying


Samkvæmt könnun Ferðamálastofu voru náttúruböð vinsælasti afþreyingarmöguleiki erlendra ferðamanna árið 2018, en um 57% svarenda sagðist hafa farið í náttúruböð á ferð sinni um Íslands. Safnaferðir eru hins vegar í þriðja sæti þar sem liðlega 45% aðspurðra sögðust hafa farið einu sinni eða oftar á safn á ferð sinni um landið. Ferðamenn voru að jafnaði ánægðir með heimsóknina og fengu söfnin einkunnina 8,4 af 10 mögulegum hjá erlendu ferðamönnum (Oddný Þóra Óladóttir, 2019).



Söfn eru einnig vinsæl afþreying meðal innlendra ferðamanna, en 26% innlendra ferðamanna sagðist hafa greitt fyrir að fara á söfn eða sýningar á ferð sinni um landið árið 2018. Söfn eru þar í öðru sæti á eftir sundferðum (Birkir Örn Gretarsson, Ingvar Þorsteinsson, & Oddný Þóra Óladóttir,

2019)

Ferðavenjur erlendra ferðamanna hafa verið kannaðar á ákveðnum stöðum vítt og breitt um landið síðustu ár, þar á meðal á nokkrum stöðum á Norðurlandi. Á Húsavík hefur könnunin raunar verið framkvæmd árlega síðan árið 2013 (Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, 2019). Í könnuninni er spurt um hvaða afþreyingu eða þjónustu ferðamenn hafa hug á að nýta sér á meðan dvöl þeirra stendur á viðkomandi stað. Sumarið 2017 sögðust 15% erlendra ferðamanna ætla að heimsækja söfn á Akureyri en sama hlutfall var 43% á Húsavík og 61% á Siglufirði. (Lilja B. Rögnvaldsdóttir, 2018a, 2018b, 2018c, 2019a, 2019b).



Hlutdeild safna í mögulegu afþreyingarvali ferðamanna er því nokkuð mismunandi eftir stöðum en ekki er ljóst hvað veldur þessu ólíka vægi sem þau hafa. Ástæðurnar geta verið margþættar en þættir eins og markaðssetning, staðsetning, fjöldi annarra afþreyingarmöguleika ásamt dvalarlengd gesta á hverjum stað fyrir sig getur allt skipt sköpum.

Almennt má þó segja að fjöldi safngesta hafi staðið nokkuð í stað að undanförunu og ekki fjölgað í samræmi við aukinn ferðamannastraum til landsins. Árlegur gestafjöldi hélst nokkurn veginn í stað á árunum 2015-17, sem er breyting frá árunum 2012-2014 þar sem fjölgun gesta var rúmlega 20% á milli ára (Safnaráð, 2019). Samkvæmt tölum frá Hagstofunni um safngestafjölda virðist helsta fjölgunin á þessum árum vera vegna erlendra gesta (Hagstofa Íslands, 2015).

## AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD

Könnunin var lögð fyrir ferðamenn sem heimsóttu fjórtán söfn, setur eða sýningar á Norðurlandi á tímabilinu 26. júní til 18. ágúst 2019. Söfnin, setrin og sýningarnar eru misstór að sniðum og árlegur gestafjöldi þeirra mismikill. Fjöldi svara sem fékkst við könnuninni frá hverjum stað fyrir sig var því ólíkur. Mikilvægt þótti að fá inn svör frá fjölbreyttri flóru safna með góða dreifingu yfir allt Norðurland. Svörin við könnuninni eru greind fyrir Norðurlandið sem eina heild, en ekki eftir einstaka stöðum. Í þeim spurningum þar sem svarhlutfallið fer yfir 100%, þá höfðu svarendur möguleikann á að merkja við fleiri en einn valmöguleika. Fjöldi svara náði lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og +/-5% úrtaksskekkju.

Heildarfjöldi safngesta á framkvæmdatímabilinu var rétt um 70,000 þar af voru um 15% innlendir gestir og 85% erlendir gestir. Hlutfall erlendra gesta í könnunni er 76% og hlutfall Íslendinga 24% og endurspeglar það því ágætlega raunverulega skiptingu gesta eftir þjóðerni.

Framkvæmdin fór þannig fram að spurningalisti á ensku og íslensku lá frammi við afgreiðsluborð eða í gestastofum á þeim stöðum sem tóku þátt í rannsókninni. Spyrjar voru ekki til staðar en ferðamenn fylltu sjálfir út spurningalistana og skildu eftir. Starfsmenn á hverjum stað fyrir sig voru fengnir til að vekja athygli ferðamanna á spurningakönnuninni og hvetja þá til þátttöku.

Spurningalistinn var prufukeyrður á völdum söfnum úti á Granda í Reykjavík, þar sem er að finna breitt úrval af söfnum og sýningum á afmörkuðu svæði sem féllu inn í umfang þessarar rannsóknar. Prufukeyrslan fór fram 22. maí og í kjölfarið voru gerðar minniháttar breytingar á orðalagi og uppsetningu.

Vera Vilhjálmssdóttir hafði umsjón með framkvæmd rannsóknarinnar af hálfu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og sá um úrvinnslu gagna.

### Úrtak og bakgrunnur svarenda

	Allir gestir	Erlendir	Innlendir
<b>Svarfjöldi</b>	823	625	198
<b>Hlutfall</b>	100%	76%	24%
<b>Kyn</b>			
Karl	36,7%	37,1%	35,4%
Kona	61,6%	61,3%	62,6%
Annað / vill ekki svara	1,7%	1,6%	2,0%
<b>Aldur</b>			
65 ára og eldri	16,9%	18,1%	13,1%
55-64 ára	17,0%	16,3%	19,2%
45-54 ára	19,0%	18,2%	21,2%
35-44 ára	14,6%	13,9%	16,7%
25-34 ára	14,0%	15,2%	10,1%
18-24 ára	8,4%	9,1%	6,1%
17 ára og yngri	8,0%	6,7%	12,2%
<b>Menntun</b>			
Grunnskólapróf	5,7%	3,2%	13,6%
Stúdentspróf eða ígildi þess	16,0%	14,2%	21,7%
Háskólapróf (BA/BSc)	33,2%	36,8%	21,7%
Háskólapróf frh. (MA/MSc/PhD)	38,3%	40,6%	30,8%
<b>Tekjur</b>			
Lágur	1,8%	1,4%	3,0%
Undir meðallagi	4,7%	3,4%	9,1%
Í meðallagi	34,1%	31,7%	41,9%
Yfir meðallagi	32,0%	36,6%	17,2%
Háur	11,4%	12,0%	9,6%

## SÖGUFERÐAÐJÓNUSTA Á NORÐURLANDI: GAGNAÖFLUN

### Staðarval

Við val á stöðum var reynt að ná góðri breidd bæði hvað varðar landfræðilega legu og áherslur í safnkosti. Alls tóku 14 söfn, setur og sýningar frá Hrótafirði í vestri og yfir til Þórshafnar í austri þátt í gagnaöflun fyrir rannsóknina. Mest er um að ræða viðurkennd söfn en einnig er að finna eitt setur, einn safnvísi og tvær sýningar.

### Norðurland vestra

Haft var samband við forsvarsmenn sex staða á Norðurlandi vestra og fimm þeirra samþykktu þátttöku í rannsókninni. Þrjú söfn, ein sýning og eitt setur. Meðal þátttakenda voru byggðasöfn, sögusetur, heimilisiðnaðarsafn og sögusýning.

### Norðurland eystra

Haft var samband við forsvarsmenn fimm staða á Norðurlandi eystra og samþykktu allir þátttöku. Minjasafnið á Akureyri og Menningarmiðstöð Þingeyinga (MMP) eru með fleiri en einn stað á sínum snærum og var ákveðið að nýta sér það við framkvæmd könnunarinnar. Því voru þrjú staðir sem heyra undir Minjasafnið<sup>1</sup> fengnir inn í verkefnið og þrjú staðir sem heyra undir MMP<sup>2</sup>.

Meirihluti staðanna á Norðurlandi eystra eru viðurkennd söfn en meðal þátttakenda í könnuninni voru m.a. byggðasafn, minjasöfn, minjasýning, sögusöfn og náttúruminjasafn.

*Nánari upplýsingar um þá staði sem valdir voru til gagnasöfnunar má finna í viðauka 2.*

Tafla 1 Gagnaöflun á Norðurlandi vestra

Norðurland vestra		
Nafn	Staðsetning	Tegund
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	500 Stað	Safn
Heimilisiðnaðarsafnið	540 Blönduósi	Safn
Byggðasafn Skagfirðinga	561 Varmahlíð	Safn
1238: Battle of Iceland	550 Sauðárkrókur	Sýning
Vesturfarasetrið	565 Hofsóss	Setur

Tafla 2 Gagnaöflun á Norðurlandi eystra

Norðurland eystra		
Nafn	Staðsetning	Tegund
Síldarminjasafnið	580 Siglufirði	Safn
Minjasafnið á Akureyri	600 Akureyri	Safn
Nonnahús	600 Akureyri	Safn
Laufás (Gamli bærinn)	616 Grenivík	Safn
Útgerðarminjasafnið	610 Grenivík	Safnvísir
Grenjaðarstaður	641 Húsavík	Safn
Safnahúsið	640 Húsavík	Safn
Hvalasafnið	640 Húsavík	Safn
Sauðaneshús	681 Þórshöfn	Sýning



<sup>1</sup> Minjasafnið, Nonnahús og Laufás.

<sup>2</sup> Safnahúsið, Grenjaðarstaður og Sauðaneshús.

## ERLENDIR FERÐAMENN: SAMSETNING

Meðalaldur erlendra ferðamanna sem heimsóttu söfn, setur og sýningar á Norðurlandi í sumar er um 46 ár og þeir eru almennt vel menntaðir og efnaðir. Stærsti hópurinn eru Bandaríkjamenn (19,7%), því næst koma Þjóðverjar (16,2%), Bretar (8%), Frakkar (6,9%) og Kanadabúar (6,2%). Þess má þó geta að ef gestir Hvalasafnsins eru ekki taldir með, þá er meðalaldur erlendra ferðamanna um 50 ár.

Stærstu markaðssvæðin<sup>3</sup> eru Mið-Evrópa (38,4%) og N-Ameríka (25,9%). Áhugavert er að sjá hvernig þessi tvö stærstu markaðssvæði dreifa sér um Norðurlandið en hlutfall þeirra virðist snúast við á milli Norðulands eystra og vestra. Á Norðurlandi vestra voru 24,6% svarenda frá Mið-Evrópu og 43,3% frá



Norður-Ameríku, en á Norðurlandi eystra voru 42,2% svarenda frá Mið-Evrópu og 21,2% frá N-Ameríku.

Erlendir ferðamenn eru einna helst á ferð með maka eða öðrum úr fjölskyldunni, en 50% heimsækja safnið með maka, tæpur fjórðungur með öðrum fjölskyldumeðlimum og 15% í för með börnum 17 ára eða yngri.

Ferðamenn frá Norður-Ameríku eru að meðaltali 7 árum eldri en ferðamenn frá Mið-Evrópu. Ferðamenn frá Mið-Evrópu eru líklegri til að vera á ferðinni með maka (58%) og börnum 17 ára og yngri (20%) heldur en ferðamenn frá Norður-Ameríku (makar 44% / börn 10%).

<sup>3</sup> Farið var eftir markaðssvæðaflokkun Ferðamálastofu - Norðurlönd: Noregur, Danmörk, Svíþjóð, Finnland. Bretlandseyjar: Bretland, Írland. Mið-Evrópa: Austurríki, Belgía, Frakkland, Holland, Sviss, Þýskaland. Suður-Evrópa: Ítalía, Spánn. Austur-Evrópa: Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Rússland. Norður-Ameríka: Bandaríkin, Kanada. Asía: Hong Kong, Inland, Ísrael, Japan, Kína, Singapúr, Suður-Kórea, Taívan. Ástralía/Nýja-Sjáland. Önnur þjóðerni.





## INNLENDIR FERÐAMENN: SAMSETNING

Innlendir ferðamenn voru 24% svarenda og var meðalaldur þeirra um 44 ár og eins og erlendu ferðamennirnir þá eru þeir almennt vel menntaðir og með tekjur um eða yfir meðallaunum.

Langstærsti hópurinn kemur af Höfuðborgarsvæðinu eða tæplega 56% svarenda. Þvínæst eru Norðlendingar sjálfir duglegir við að heimsækja söfnin í landshlutanum.

Höfuðborgarbúar dreifa sér nokkuð jafnt á söfnin í báðum landshlutunum, en Norðlendingar eru heldur meira áberandi á Norðurlandi vestra. Þessi munur milli landshluta skýrist að hluta til á því að Norðlendingar voru duglegir við að kynna sér nýju sýninguna *1238: Baráttan um Ísland* sem opnaði á Sauðárkróki í sumar.



Flestir eru að heimsækja safnið með fjölskyldumeðlimum, þ.e. maka, börnum, foreldrum eða öðrum skyldmönnum.

Tæpur helmingur innlendra ferðamanna er á ferðinni með maka sínum. Af þeim hópi er helmingurinn einungis að ferðast með makanum, tæpur þriðjungur er með börn undir 17 ára með sér og hjá um 20% eru aðrir fjölskyldumeðlimir með í för, t.a.m. stálpuð börn.

## ÁHUGI FERÐAMANNA Á SÖFNUM

Safngestir virðast almennt hafa þónokkurn áhuga á söfnum og nýta sér það framboð sem í boði er bæði í sínu heimalandi og á ferðalögum erlendis<sup>4</sup>. Það er ekki mikill munur á fjölda safnferða erlendra og innlendra ferðamanna.

Erlendir ferðamenn nýta sér þó söfn sem afþreyingakost í meira mæli en innlendir ferðamenn, bæði heima og að heiman. Síðastliðna 12 mánuði höfðu 34,1% erlendra ferðamanna farið 4-10 sinnum á söfn á ferðalagi erlendis á móti 18,6% innlendra ferðamanna. Það er ekki marktækur munur á milli markaðssvæða þegar kemur að fjölda safnferða yfir árið, þó eru ferðamenn frá N-Ameríku og Íslandi líklegri til að hafa aldrei farið á söfn erlendis heldur en Evrópubúar.


Þriðjungur ferðamanna hafði farið á önnur söfn á ferð sinni um Norðurlandið, á meðan þetta var eina eða fyrsta safnferð hjá 56,5% af svarendum.

Þau söfn sem oftast voru nefnd sem annar viðkomustaður voru Hvalasafnið, Síldarminjasafnið, Glaumbær, Listasafn Akureyrar, Laufás og Fuglasafn Sigurgeirs, ásamt torfhúsum almennt án þess að nafngreina hver þau voru. Alls voru 39 söfn, setur eða sýningar nefnd með nafni, 30 þeirra á Norðurlandi eystra og 9 á Norðurlandi vestra.


Þó spurningin snérist um aðrar safnferðir ferðamanna á Norðurlandi, þá nefndu nokkrir ferðamenn safnferðir í öðrum landshlutum í svörum sínum. Alls voru 45 söfn, setur eða sýningar nefnd með nafni og er rúmur helmingur þeirra staðsettur á Höfuðborgarsvæðinu eða á Suðurlandi, en söfn á Austurlandi voru einnig vinsæl. Þau söfn sem oftast voru nefnd voru Þjóðminjasafnið, LAVA Centre, Frakkar á Íslandsmiðum, Skógarsafn og Landnámssetur Íslands.

<sup>4</sup> Að þessu ferðalagi undanskildu.

### Fjöldi safnferða síðastliðna 12 mánuði



### Hefur þú farið á önnur söfn í þessu ferðalagi um Norðurlandið?





## HVAR FENGU FERÐAMENN UPPLÝSINGAR UM SAFNIÐ?

Erlendir ferðamenn sóttu sér einna helst upplýsinga um söfnin í ferðabókum eða bæklingum (48%) og þarnaest frá ferðasiðum eða ferðabloggum (17,8%), en tilviljun réði ferð í 15% tilfella. Um 39% erlendra svarenda nefndu aðrar upplýsingaveitur, þar á meðal Google maps/GPA (7%), hjá heimamönnum (6,4%), í blöðum og tímaritum eða þar sem þeir gistu (bæði 4,3%).

Leiðsögumenn voru þó nokkuð nefndir undir liðnum ,annað' í svörum erlendra ferðamanna, sérstaklega í svörum gesta í Hvalasafninu á Húsavík þar sem gott samstarf virðist hafa náðst á milli hvalaskoðunarfyrtækja og safnsins. Mun færri erlendir ferðamenn (1,8) höfðu nýtt sér samfélagsmiðla til að kynna sér söfnin heldur en innlendir ferðamenn (11,1%).

Erlendir ferðamenn á aldrinum 18 til 34 ára eru líklegri en þeir sem eldri eru til að nýta sér Google maps/GPS til að fá upplýsingar um söfnin. Þeir eru einnig líklegri til að hlusta á ráðleggingar annarra, hvort heldur sem er frá fjölskyldu/vinum eða frá heimamönnum/gististað en þeir sem eldri eru. Rúmur helmingur þeirra sem eru 35 ára og eldri sagðist hafa fundið upplýsingar um söfnin í ferðabókum eða bæklingum.


Innlendir ferðamenn sögðust flestir hafa fengið ábendingu frá fjölskyldu og vinum um safnið (34,3%), tæpur þriðjungur hafði heimsótt safnið áður (29,8%) og tæplega fimmtungur sagðist hafa verið að keyra framhjá og kíkt við af tilviljun (17,2%). Innlendir ferðamenn á aldrinum 18-34 ára voru ólíklegri til að hafa frétt af safninu af tilviljun (6,3%) heldur en aðrir aldursflokkar eða erlendir jafnaldrar þeirra en voru líklegri til að hafa fengið upplýsingar um safnið á samfélagsmiðlum (21,9%), hjá fjölskyldu og vinum (65,6%) eða hjá heimamönnum (25%).



## ÁKVÖRÐUNARFERLIÐ

Ákvörðunin um að heimsækja safnið virðist tekin á mjög mismunandi tímavörðum hjá ferðamönnum og ákvörðunarferlið skiptist nokkuð jafnt á milli þess að ákvörðunin sé tekin áður en ferðin um Norðurland hófst, eftir að hún hófst og svo þegar keyrt eða gengið var framhjá safninu.

Af þeim sem sögðust haf ákveðið að heimsækja safnið áðu en ferðin hófst merktu aðeins 2,9% einnig við að þeir hefðu tekið ákvörðun fyrir tilviljun eða þegar þeir áttu leið framhjá. Það bendir til að endanleg ákvörðun hjá þessum hópi ferðamanna hafi verið tekin fyrirfram frekar en samdægurs. Þessi tala fer upp í 11,3% hjá þeim ferðamönnum sem sögðust hafa tekið ákvörðun um safnaheimsóknina eftir að ferðin hófst.




Niðurstöðurnar benda til þess að þó erlendir ferðamenn séu að öllu jöfnu búnir að sækja sér eða fá upplýsingar um söfnin áður en þeir eiga leið framhjá, þá virðist endanleg ákvörðun oft ekki tekin fyrr en þegar á staðinn er komið. En um 40% erlendra ferðamanna á aldrinum 18-54 ára segist hafa tekið ákvörðun um að heimsækja safnið fyrirvaralaust eða þegar ekið var framhjá.

Þegar litið er til þjóðerna, þá eru Svisslendingar (76%), Ítalir (50%) og Frakkar (44,2%) þeir ferðamenn sem líklegastir eru til að taka ákvörðun með litlum fyrirvara um að heimsækja söfnin, en Bretar (24%) og Íslendingar (24,7%) eru hvað ólíklegastir.

## UPPLÝSINGAÖFLUN OG ÁKVÖRÐUNARFERLIÐ

Ef upplýsingaöflun erlendra ferðamanna er skoðuð út frá hvenær ákvörðun um safnheimsóknina var tekin þá virðast ferðamenn nýta sér ferðabækur og bæklinga til að afla upplýsinga í gegnum alla ferðina. Notkun þeirra á öðrum miðlum eins og dagblöðum, tímaritum, ferðasíðum og bloggum, ásamt samfélagsmiðlum fer minnkandi eftir því sem líður á ferðina. Það sést sérstaklega á notkun ferðamanna á ferðasíðum eða ferðabloggum en 34,8% erlendra ferðamanna sagðist hafa fundið upplýsingar um sófnin þar áður en ferðin hófst á meðan aðeins 9,4% nefna þær sem upplýsingaveitu eftir að þeir lögðu af stað.

Notkun á kortasjá Google virðist aftur á móti vera mest áður en ferð hefst (7%) og svo þegar taka á ákvörðun með litlum fyrirvara (8%).



## ÁSTÆÐUR SAFNAHEIMSÓKNAR

Tæplega 80% ferðamanna komu til að heimsækja og skoða safnið almennt, 16,6% sögðust vilja sjá ákveðna sérsýningu og 23,2% svarenda komu til að sjá torfhús en þrjú söfn sem tóku þátt í rannsókninni eru til húsa í gömlum torfbæjum. Aðrar ástæður sem taldar voru upp voru meðal annars að heimsækja kaffihúsið (5,5%), fara í safnbúðina (5,1%) og hlusta á fyrirlestur eða leiðsögn (3,2%).

Ferðamenn voru einnig spurðir hver væri helsta ástæða þess að þeir ákváðu að heimsækja safnið. Spurningin var opin og gátu ferðamenn skrifað með sínum eigin orðum hver helsta ástæða þeirra væri.


Flestir nefndu áhuga á sögu og á viðfangsefni safnsins eða um 45% svarenda.

„Learning about the history of this area“  
 „I am interested in the social history of the places I visit“  
 „The old artefacts and to learn about the Icelandic culture“  
 „Interested in the way people have been living in North Iceland“  
 „Til að upplifa gamla tímann“


Um 10% nefndu almennan áhuga eða forvitni um safnið og önnur 10% að það hefði verið mælt með safninu við þau. Um 34% nefndu aðrar ástæður, þ.á.m. fyrri heimsókn (2,5%), að þeir væru í skipulagðri ferð (3,1%) eða skjól fyrir veðri (4,1%). Þar að auki nefndu 7,4% svarenda að aðrir í ferðahópnum hefðu haft áhrif á ákvörðunina og þá helst að ferðafélagarnir hefðu áhuga á viðfangsefni safnsins eða að ferðin var farin til að sýna einhverjum safnið eða safnkostinn.

„Flott safn, langaði til að sýna börnunum mínum safnið“  
 „Langaði að sýna það frönskum vinum mínum“  
 „My father is interested in herring“  
 „Arfleifð barnabarna er hér“

### Hver var ástæða þess að þú heimsóttir safnið í dag?



### Hver var helsta ástæða þess að þú ákvaðst að heimsækja safnið? (Opin svör)



## ÁNÆGJA MEÐ SAFNHEIMSÓKNINA

Mjög afgerandi ánægja ríkir með heimsóknina á söfnin, setrin og sýningarnar en 96,5% svarenda segjast vera ánægðir eða mjög ánægðir með upplifunina.

Ferðamenn voru einnig spurðir hvor þeir myndu mæla með safninu við fjölskyldu, vini og kunningja og svöruðu 90,2% að þeir myndu gera það og aðeins 1,6% sögðust ekki myndu gera það. Ferðamennirnir voru einnig beðnir um að svara af hverju þeir myndu eða myndu ekki mæla með safninu í opinni spurningu.


Ástæðurnar sem gefnar voru fyrir að mæla ekki með safninu voru þær að það vantaði meiri upplýsingar og á fleiri tungumálum, örfáir settu einnig út á verðlagið. Flestir gáfu þó upp þá ástæðu að safnið væri hreinlega of úr leið fyrir þá sem þeir þekktu heima fyrir og þeir reiknuðu ekki með að þeir yrðu á ferðinni hér á landi.

„Because they are in Spain, but if not I would say yes“  
 „It's a little bit too far from Belgium“  
 „It's very far from Japan“


Þegar kemur að ástæðunum fyrir að svarendur myndu mæla með safninu, þá nefndu flestir að þeim þótti safnið fróðlegt og áhugavert (55%), ásamt því að þeim fannst safnið í heild fallett eða flott (15,6%) eða fannst uppsetning á safninu (12%) og upplifunin (6,9%) vera góð.

„Mjög flott, vel uppsett, fróðlegt, skemmtilegt“  
 „It's interesting and has a wonderful atmosphere“  
 „Very interesting, unique exhibits. Awesome museum, good value“  
 „Because is nice to look at the old pics and some history“  
 „Til að fólk geti gert sér grein fyrir hvernig stórbýli voru á 19.öld“  
 „Enjoyed introduction to an aspect of Icelandic culture“

Heilt yfir, hversu ánægð/ur ertu með heimsóknina á safnið?



Myndir þú mæla með safninu við fjölskyldu, vini og kunningja?








## DVALARLENGD Á NORÐURLANDI



Ferðamenn sem koma á söfnin eru að jafnaði í lengri ferðum og dvelja í hið minnsta í nokkra daga á Norðurlandi á ferð sinni um landið. En þegar spurt var um dvalarlengd ferðamanna á Norðurlandi í þessari ferð þá sögðust liðlega 27% ætla að dvelja í 2-3 daga, 24,4% í 4-6 daga og 33,9% sögðust ætla að dvelja í viku eða lengur. Heldur fleiri erlendir ferðamenn en innlendir sem ætluðu að dvelja lengur en viku<sup>5</sup>.

Erlendir ferðamenn sem eru í dagsferð eða skemur eru líklegri til að vera einir á ferð (12%) eða á ferð með vinum (20%).

Erlendir ferðamenn sem dvelja í 2-3 daga á Norðurlandi eru ólíklegri til að fara á önnur söfn á Norðurlandi í ferðinni en aðeins 21% hafði farið á önnur söfn. Þau hlutföll hækka hjá þeim sem ætla að dvelja í 4-6 daga á Norðurlandi, en þá höfðu 45,7% farið á önnur söfn í ferðinni.




<sup>5</sup> Setja þarf fyrirvara við fjölda þeirra sem sögðust ætla að vera viku eða lengur á Norðurlandi, þar sem greina má í svörum sumra þeirra að þessi dvalarlengd eigi við Íslandsdvölinu í heild. Svör við þessari spurningu gefa þó til kynna að ferðamenn sem koma á söfnin á Norðurlandi eru almennt í lengri ferðum um landið.

## VAL Á ANNARRI AFPREYINGU

Erlendir ferðamenn sögðust helst ætla í jarðböð eða náttúruleugar (67,8%), þar næst í hvala- fugla-, eða selaskoðun (66,9%) og í fjallgöngu án leiðsagnar (54,7%). Evrópubúar virðast þó áhugasamari um náttúrulífsskoðun hvers konar heldur en N-Ameríkanar en 70,5% Evrópubúa ætluðu í hvala-, -fugla-, eða selaskoðun á móti 59,9% ferðamanna frá N-Ameríku. N-Ameríkanar eru heldur líklegri til að fara í ferðir með leiðsögn (31,5%) en ferðamenn frá Evrópu (18,5%).

Menningartengd afþreying er vinsæl á meðal erlendra ferðamanna, en 40% þeirra ætluðu á önnur söfn á Norðurlandi, 38,9% vildu skoða torfhús og 38,6% kynna sér staðarmenninguna. Að auki sögðust 22,2% ætla á menningarviðburð. Ferðamenn frá N-Ameríku eru einkar áhugasamir um staðarmenningu (*e. local history*) en 50,6% þeirra sagðist vilja upplifa staðarmenninguna á móti 33% Evrópubúa. Undir annað nefndu erlendir ferðamenn helst að þeir ætluðu að upplifa náttúruna og voru fossar, hálendið og jarðhitasvæði.

Innlendir ferðamenn eru ekki eins afgerandi í vali sínu á afþreyingarmöguleikum. Flestir ætluðu í sund (56,6%) og á önnur söfn á Norðurlandi (34,8%), einnig merkti um fjórðungur við fjallgöngu án leiðsagnar og að sjá torfhús. Undir annað nefndu innlendir ferðamenn helst Vaglaskóg eða að þeir ætluðu að eyða tíma með fjölskyldu og vinum.



## ATHUGASEMDIR GESTA

Í lok spurningalistans fengu svarendur tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum um heimsóknina, upplifunina eða hvað sem þeir vildu.

Nokkrir nefndu of hátt verð og margir komu með uppástungur um hvað mætti bæta við safnið eða gera betur.

Í þeim athugasemdum voru ferðamenn helst að kalla eftir meiri upplýsingum, þ.e. upplýsingum um safnkostinn og fá upplýsingarnar á fleiri tungumálum. Einnig voru nokkrir sem nefndu að þeim fannst vanta upp á merkingar til að finna safnið.

*„Safnið mætti vera betur merkt við þjóðveginn“*  
*„A very nice museum which would benefit from more English signage“*  
*„I would love an audio tour“*  
*„General signage from road to museum could be better“*



Flestir svarenda notuðu tækifærið til að þakka fyrir sig og lýsa ánægju með safnið, starfsfólkið eða heimsóknina í heild en um 62% svara flokkuðust á þann veg.

*„Fallegur bær, fallegt umhorfs í kringum safnið“*  
*„Frábær móttaka starfsfólks“*  
*„Very well kept and maintained for the coming generations to understand where we come from“*  
*„This museum was very informative and fun“*  
*„Well presented and a very helpful receptionist“*  
*„Thank you for making Iceland more understandable“*  
*„Very educational, brings the past alive“*  
*„Very impressive, simple in design but so full of information, experience, sensation.“*

Að auki voru ýmsar almennar athugasemdir um Ísland eða Íslandsheimsókn erlendra svarenda. Athugasemdirnar snerust flestar um að ferðamönnum fannst Ísland og náttúran falleg og heimamenn vingjarnlegir.

*„Iceland is a beautiful country. The locals have been so welcoming“*  
*„Really love the north of Iceland“*  
*„Falling in love with Iceland – second/third visit!“*  
*„When we visited Iceland 3 years ago we went on guided tours to the waterfalls, mud pools and geysers, but didn't really see anything of the cities themselves. We wanted to do that this time“*  
*„We are really enjoying this country“*

## SAMANTEKT

Ferðamenn koma á söfnin, sýningarnar og setrin á Norðurlandi af því að þeir eru áhugasamir um sögu og menningu Íslands. Áhugi ferðamanna á landi og þjóð er því greinilega fyrir hendi, það sést á niðurstöðum þessarar könnunar sem og í öðrum könnunum um ferðavenjur ferðamanna á Íslandi. Menningar- og sögutengd afþreying höfðar til tiltölulega stórs hóps ferðamanna, sérstaklega markhópa frá Norður-Ameríku og Mið-Evrópu. Ferðamenn 35 ára og eldri eru líklegri til að koma inn á söfnin en yngri ferðamenn lýsa einnig yfir áhuga á t.a.m. menningarviðburðum og staðarmenningunni. Þessi könnun nær þó ekki nægilega utan um þann fjölda ferðamanna sem kemur á söfnin í hópferðum. Það virðist vera að þessir ferðamenn hafi ekki gefið sér tíma til að svara könnuninni enda oft með takmarkaðan tíma til að skoða sig um. Hópferðmenn eru þó stór hluti af starfsemi nokkurra safna sem tóku þátt í rannsókninni. Það eru helst ferðamenn frá Norður-Ameríku sem eru í skipulagðri hópferð og þeir eru einnig hlutfallslega elsti markhópurinn. Könnunin virðist heldur ekki ná til asískra ferðamanna en samkvæmt Ferðamálastofu voru Kínverjar fjórði stærsti hópur ferðamanna á Íslandi í sumar (Ferðamálastofa, 2019) en hvort þeir séu að kynna sér söfnin og hver upplifun þeirra er er erfitt að segja til um hér.

Það sem niðurstöður könnunarinnar sýna einna helst er hve ánægðir ferðamenn voru með heimsóknir sínar á söfnin, setrin og sýningarnar á Norðurlandi í sumar. Átti það við jafnt erlenda sem innlenda ferðamenn en 97% ferðamanna voru ánægðir eða mjög ánægðir með heimsóknina sem verður að teljast alveg einstaklega gott. 90% ferðamanna myndi síðan mæla með safninu við fjölskyldu, vini og kunningja. Þrátt fyrir að sumir hafi kallað eftir meiri upplýsingum um viðfangsefnin, þá einna helst að fá upplýsingarnar á fleiri tungumálum, þá fannst ferðamönnum söfnin almennt vera fróðleg, áhugaverð og skemmtileg.

Rúmlega þriðjungur ferðamanna ákveður að heimsækja söfnin nokkuð fyrirvarlaust, það er að segja, endanleg ákvörðun virðist tekin þegar verið er að fara framhjá stöðunum. Þriðjungur ferðamanna hafði ákveðið að heimsækja safnið áður en ferðin hófst, á meðan um það bil þriðjungur tók ákvörðunina einhvern tímann eftir að ferðin hófst. Svo virðist því vera að meirihluti ferðamanna sé ekki að setja safnheimsóknir á dagskrá hjá sér fyrr en á síðari stigum ferðarinnar um Norðurlandið.

